Reykjavík, 17. maí 2013
Fundargerð 122. fundar.

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 17. maí 2013 var haldinn 122. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir og Haraldur Sverrisson.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, varaformaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Samningur við Sjúkratryggingar Íslands vegna sjúkraflutninga

Ekki hefur verið gengið formlega frá samningi um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirliggjandi er undirrituð viljayfirlýsing um samkomulagsgrundvöll milli samningsaðila frá 1. febrúar sl. Einnig liggja fyrir samningsdrög í takt við samkomulagsgrundvöllinn sem ríkið hefur ekki gert athugasemdir við.

Afgreiðsla: Stjórn SHS ítrekar fyrri bókun og felur slökkviliðsstjóra að senda hlutaðeigandi bréf vegna þessa.

Stjórn SHS harmar að ekki sé búið að ganga frá formlegum samningi um þetta mikilvæga öryggismál á höfuðborgarsvæðinu, þrátt fyrir samkomulag þar um, sem fulltrúar SHS og VEL skrifuðu undir, eftir mikla undirbúnings- og samningavinnu. Að mati stjórnarinnar er það óásættanlegt þegar fagráðuneyti gengur frá samkomulagi, í þessu tilfelli velferðaráðuneytið, að málið skuli ekki vera afgreitt hjá fjármálaráðuneytinu.

2. Skarhólabraut – tilboð í framkvæmdina

Á síðasta stjórnarfundi, 19. apríl, var ákvörðun um byggingu á Skarhólabraut frestað vegna óvissu um samninga um sjúkraflutninga.

Óskað var eftir áliti borgarlögmanns um heimild í ákvæðum skilmála um tilgreiningu fyrirvara vegna hluta byggingarinnar. Einnig var óskað eftir því við borgarlögmann að lagt yrði mat á afleiðingar þess ef tilboði lægstbjóðanda yrði ekki tekið.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf frá Innkaupadeild Reykjavíkurborgar; Fjárhagsskoðun á JÁVERK ehf., dags. 5. apríl 2013.
- Minnisblað borgarlögmanns; Heimildir til að gera fyrirvara um hluta samnings um byggingu nýrrar slökkvistöðvar, dags. 3. maí 2013.
- Tölvupóstur frá Innkaupadeild Reykjavíkurborgar ; Ósk um framlengingu á útboðstíma, dags. 8. maí 2013.

- Jáverk ehf.; Staðfesting á framlengingu á útboðstíma, dags. 8. maí 2013.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falið að semja við lægstbjóðanda, með fyrirvara um hluta byggingarinnar.

3. Skarhólabraut - lántaka

Í dag liggur fyrir heimild aðildarsveitarfélaga til lántöku, 254 m.kr., í samræmi við 16. grein stofnsamnings SHS.

Slökkviliðsstjóri kynnti mat fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar á fyrirliggjandi lánstilboðum og skilyrðum viðkomandi lánastofnana. Fjármálaskrifstofan mælir með að ný lántaka SHS vegna byggingar að Skarhólabraut miðist við verðtryggt lán til 20 ára.

Afgreiðsla: Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 254.000.000 kr. til ársins 2034, í samræmi við samþykkta skilmála lánveitingarinnar og lánstilboð sem liggur fyrir fundinum. Er lánið tekið til byggingar á nýrri slökkvistöð við Skarhólabraut í Mosfellsbæ, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Er þetta gert með fyrirvara um samþykki og heimilda bæjarráða til lántöku í samræmi við 16. gr. stofnsamnings SHS, dags. 31. maí 2000.

Jafnframt er Jóni Viðari Matthíassyni slökkviliðsstjóra, kt. 280759 - 6279, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. SHS að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja þau til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga að fengnu samþykki sveitarstjórnar viðkomandi sveitarfélaga.

4. Samningur við Samtök fjármálafyrirtækja–vatnstjón og verðmætavernd

Samningur SHS við Samtök fjármálafyrirtækja vegna viðbragðs við vatnstjóni og verðmætaverndar hefur verið endurnýjaður í takt við þann sem var í gildi á síðastliðnu ári. Samtök fjármálafyrirtækja er hér sameiginlegur vettvangur tryggingafélaga. Meginástæða fyrir þessum samningi er að viðbragð vegna vatnstjóna er ekki skilgreint verkefni slökkviliða samkvæmt lögum.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samningur vegna viðbragðs við vatnsleka, dags. 6. maí 2013.

Afgreiðsla: Samþykkt.

5. Þriggja mánaða uppgjör

Slökkviliðsstjóri kynnti árshlutareikning SHS samstæðunnar vegna janúar – mars 2013.

Eftirfarandi lagt fram:

- SHS samstæðan, 3 mánaða uppgjör 2013, dags. 15. maí 2013.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir gerðar, en vakin athygli á því að það vantar inn á tekjuhliðina greiðslur frá ríkinu vegna sjúkraflutningana.

Næsti fundur verður föstudaginn 21. júní 2013 kl. 08.00.

Fundi slitið klukkan 09:00.

Fylgiskjöl:

- Bréf frá Innkaupadeild Reykjavíkurborgar; Fjárhagsskoðun á JÁVERK ehf., dags. 5. apríl 2013.
- Minnisblað borgarlögmanns; Heimildir til að gera fyrirvara um hluta samnings um byggingu nýrrar slökkvistöðvar, dags. 3. maí 2013.
- Tölvupóstur frá Innkaupadeild Reykjavíkurborgar ; Ósk um framlengingu á útboðstíma, dags. 8. maí 2013.
- Jáverk ehf.; Staðfesting á framlengingu á útboðstíma, dags. 8. maí 2013.
- Samningur vegna viðbragðs við vatnsleka, dags. 6. maí 2013.
- SHS samstæðan, 3 mánaða uppgjör 2013, dags. 15. maí 2013.

Reykjavík, 17. maí 2013

Dagur B. Eggertsson

Ármann Kr. Ólafsson

Ásgerður Halldórsdóttir

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Gunnar Einarsson

Haraldur Sverrisson